

Aðalstjórn UMF Stjörnunnar

Stjórnarfundur haldinn í gegnum Teams fjarskiptabúnað, þriðjudaginn 10.11.2020, kl. 17:15

Mætt: Brynja Baldursdóttir (BB), Heiðrún Jónsdóttir (HJ), Erling Ásgeirsson (EÁ), Gunnar Berg Viktorsson (GBV), Ingvar H. Ragnarsson (IHR), Sigurgeir Guðlaugsson (SG), Þórdís Björk Sigurbjörnsdóttir (ÞBS). Einnig sat fundinn Baldvin Sturluson (BS) fjármálastjóri og Ása Inga Þorsteinsdóttir (ÁIP) framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerðina.

Forfallaðir:

Fundargerð:

Formaður aðalstjórnar, SG, setti fundinn og stýrði.

1. Samþykkt fundargerða

Fundargerðir eftirfarandi funda voru teknar fyrir til samþykktar:
Aðalstjórnarfundur 6. okt. 2020.

Niðurstaða: fundargerðin var samþykkt samhljóða með breytingatillögu frá SG.

2. Covid-19 - samtal við ÍSÍ og væntanlegur styrkur frá ríkinu

SG fór yfir samtal sitt við forsvarsmenn íþróttahreyfingarinnar um væntanlegar aðgerðir stjórnvalda íþróttahreyfingunni til aðstoðar. Greint hefur verið frá að ríkið hyggst setja um tvo milljarða kr. í svokallaðan björgunarpakka til að mæta íþróttafélögum vegna launakostnaðar og tekjutaps. Nánari útfærsla verður kynnt þegar frumvarp verður lagt fyrir Alþingi en um tvenns konar úrræði er að ræða, annars vegar úrræði til að mæta launþegagreiðslum og hins vegar styrk sem ÍSÍ mun sjá um afgreiðslu á til íþróttafélaganna.

Niðurstaða: til upplýsinga.

3. Áhrif Covid-19 á æfingagjöld

ÁIP og BS fóru yfir raunstöðu æfingagjalda út frá punktstöðu tekna út úr greiðslukerfi félagsins þann 7.11.2020. Staðan er alvarleg en um 41% af áætluðum heildaræfingagjöldum félagsins eru ennþá ófrágengin. Þar sem starfsemi félagsins liggur að langmestu leyti niðri og óvissa er um framhaldið er erfitt að óska eftir að forráðamenn gangi frá greiðslum. Farið var yfir þrjár sviðsmyndir sem gætu raungerst ef lögbann á starfsemi félagsins ílengist.

Niðurstaða: til upplýsinga.

4. Samtal við Garðabæ

a. Fundur með Garðabæ 10.11.2020

SG fór yfir fund sem hann ásamt IHR, ÁIP og BS sátu fyrir um daginn með forsvarsmönnum Garðabæjar. Þar var farið yfir stöðu æfingagjalda og áhyggjur forsvarsmanna félagsins af þeirri birtingarmynd sem uppi er núna og var lýst hér að framan. Eins var ýtt við þeim beiðnum sem félagið hafði lagt fram vegna fjárhagsáætlunar Garðabæjar fyrir árið 2021.

b. Beiðni handboltadeildar

„Sæl Aðalstjórn og Ása.

Þar sem Aðalstjórn er að hittast í kvöld vildi ég bæta erindi á listann ykkar.

Þetta varðar erindi til Garðabæjar og óskum við í Handknattleiksdeildinni eftir því að það verði samþykkt af Aðalstjórn að bera þetta upp við Garðabæ sem allra fyrst án þess að blanda því við önnur mál.

Þetta er stórt mál og varðar aðrar deildir ekkert og því ekki viðeigandi að bera þetta upp með öðrum málum.

Ég þykist vita að embættismenn bæjarins viti af þessu og búast við erindinu.

Vinsamlega staðfestið móttöku og óskum við eftir fréttum af þessu sem allra fyrst.

Pétur Bjarnason

Formaður handboltadeildar“

Niðurstaða:

Aðalstjórn er þegar í samtali við forsvarsmenn Garðabæjar um málefni handknattleiksdeildar og mun halda því áfram. Aðalstjórn hefur m.a. óskað eftir aðkomu bæjarins að uppsetningu nýrrar leikklukku og tengdra LED skjáa í TM höllinni. Á meðan niðurstöðu bæjarins í því máli er beðið samþykkir aðalstjórn að taka þátt í kostnaði við slíkar framkvæmdir sem nemur rafmagnsvinnu, smíði og uppsetningu leikklukku og tengdra skjáa, auk rafmagnsvinnu, smíði og uppsetningu LED skjáa við hliðarlínu. Gert er ráð fyrir að kostnaður við hið síðarnefnda nemi u.þ.b. 2 m.kr.

5. Önnur mál

a. Einneltismál

ÁÍP upplýsti stjórn um samtöl við skólastjórnendur Garðabæjar um þær leiðir sem væri verið að skoða til að bæta samskipti og samvinnu milli skóla og íþróttafélaganna í bænum í eineltismálum og eins hvaða hugmyndir væri verið að skoða innan félagsins.

b. Möguleg málsókn vegna myndbirtingar

HJ fór yfir aðdraganda bréfaskrifta sem hún og ÁÍP hafa verið í við erlendan lögmann sem sent hefur félaginu kröfu vegna meintrar ólöglegar myndbirtingar á heimasíðu félagsins á árinu 2014. Eftir að hafa óskað eftir staðfestingum frá umræddum lögmanni meðal annars á að myndbirtingin hafi átt sér stað og eins á eignarhaldi umbjóðanda hans á myndinni telur aðalstjórn sig ekki hafa fengið fullnægjandi svör. Bent er á að sækja þyrfti mál gegn félaginu á íslenskri grundu og verður að telja að slíkur málarekstur yrði langsóttur. Yrði félagið dæmt til greiðslu skaðabóta verður jafnframt að telja harla ólíklegt að slíkar skaðabætur yrðu neitt í líkingu við þær fjárkröfur sem fyrrgreindur lögmaður hefur gert. HJ er falið að ýta á svör en að öðru leyti er ákveðið að aðhafast ekkert frekar að svo stöddu.

c. Sportland

Farið var yfir þá óánægju sem ríkir innan félagsins með þjónustu Sportlands við bæði félagið og eins viðskiptavinum þess og svör forsvarsmanna Sportlands við ábendingum og beiðnum félagsins varðandi úrbætur. Aðalstjórn hefur tekið ákvörðun að óska eftir fundi með forsvarsmönnum Sportlands til að fara yfir málið.

d. Ný heimasíða

ÁÍP sýndi stjórnarmönnum nýja heimasíðu félagsins sem komin er í loftið undir beta.stjarnan.is á meðan verið er að setja inn gögn á síðuna. Stefnt er að því að flytja hana yfir á stjarnan.is um leið og tekist hefur að afla þeirra mynda og gagna sem æskilegt er að

búið sé að setja upp á síðunni áður en hún fer formlega í loftið og er flutt á vefslóðina stjarnan.is

Annað var ekki rætt og fundi slitið kl. 19:30 – ritað Álp